



Eftirlitsniðurstöður

# Gæði neysluvatns á Íslandi 2002-2012

Mars 2015



## Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Executive Summary.....	4
Inngangur.....	5
Vatnsveitur á Íslandi .....	6
Lög og reglugerðir .....	6
Eftirlit með vatnsveitum .....	7
Aðferðafræði.....	8
Niðurstöður fyrir allt landið.....	10
Fjöldi vatnsveitna á Íslandi .....	10
Niðurstöður reglubundins eftirlits .....	10
Niðurstöður heildarúttekta .....	14
Lýsing á 9 eftirlitsþáttum.....	16
Niðurstöður úttekta á vatnsbólum.....	17
Vatnsgæði eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum.....	19
Vatnsgæði á svæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.....	20
Vatnsgæði á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósasvæði.....	21
Vatnsgæði á svæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands .....	22
Vatnsgæði á svæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða .....	23
Vatnsgæði á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra .....	24
Vatnsgæði á svæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra .....	25
Vatnsgæði á svæði Heilbrigðiseftirlits Austurlands .....	26
Vatnsgæði á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands .....	27
Vatnsgæði á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja .....	28
Vatnsgæði á svæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis .....	29
<b>Samantekt .....</b>	<b>30</b>
Heimildir.....	31

## Formáli

Nú eru liðin rúm 10 ár síðan kröfum um gæði neysluvatns samkvæmt gildandi reglugerð skyldi fullnægt. Reglugerðin var sett árið 2001 og kveður á um opinbert eftirlit með það að markmiði að tryggja neytendum heilnæmt og hreint neysluvatn. Heilbrigðisnefndir fara með eftirlit með neysluvatni og var það undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fram til 2008 þegar Matvælastofnun, þá ný sett á laggirnar, tók við því hlutverki.

Tilgangur skýrslugerðar um gæði neysluvatns á tímabilinu frá 2002 og til 2012 er fyrst og fremst sá að upplýsa neytendur um gæði neysluvatns á Íslandi og eftirlit með því. Skýrsluna unnu fyrir Matvælastofnun þau María J. Gunnardóttir og Sigurður Magnús Garðarsson hjá Vatnaverkefrafæðistofu Háskóla Íslands. Matvælastofnun vill þakka þeim sem veitt hafa nauðsynlegar upplýsingar og látið í té rannsóknargögn til skýrslugerðarinnar, en það eru heilbrigðiseftirlit sveitafélaga, Matís, Rannsóknarþjónustan Sýni, ProMat, Veðurstofa Íslands og Hagstofa Íslands.

Með nýrri reglugerð árið 2001 urðu miklar breytingar á eftirlit með neysluvatni. Fram til þess hafði sjónum aðallega verið beint að örverurannsóknum og þær verið nokkuð tíðar samkvæmt kröfum fyrri reglugerða. Með endurskoðun reglna var hins vegar dregið út tíðni örverurannsókna, en aukin áhersla lögð á leit að óæskilegum efnum í vatninu, efnum sem ýmist eru náttúrulega til staðar í vatni eða tilkomin vegna mengunar. Þá voru viðbrögð við menguðu neysluvatni betur skilgreind, sem og upplýsingagjöf til neytenda. Í kjölfarið var hrint af stað verkefninu „Átak um hreint neysluvatn“. Verkefnið var unnið undir stjórn Umhverfisstofnunar og að því komu ýmis samtök og stofnanir ásamt heilbrigðiseftirliti sveitafélaganna.

Markmið verkefnisins var að bæta vatnsgæði með því að fræða eigendur og eftirlitsaðila um hvaðeina viðkomandi neysluvatni, vatnsbólum og að koma á bættri skráningu. Haldnir voru kynningarfundir og námskeið auk þess sem unnið var að víðtækari skráningu vatnsveitna. Fyrsta hluta átaksins lauk með útgáfu leiðbeininga, en í september 2002 kom út leiðbeiningarritið *Val og hönnun minni vatnsveitna* og síðan í júlí 2003 bæklingurinn *Litlar vatnsveitur*. Góður árangur mun hafa verið af átakinu og má nefna að skráðum eftirlitsskyldum vatnsveitum á landinu fjölgaði mikið eða frá því að vera 114 í byrjun árs 2002 upp í 707 í árslok 2006. Nú þegar þessi skýrsla er skrifuð munu þær vera 797 talsins.

Einum áfanga verkefnisins er þó enn ólokið, en það er að safna saman og skrá upplýsingarnar í einn sameiginlega gagnagrunn. Til þess að rækja yfirumsjónarhlutverk sitt og geta unnið að samræmingu eftirlits er Matvælastofnun nauðsyn á greinargóðum upplýsingum. Því verður að koma upp grunnri upplýsinga svo heildarmynd af stöðu mála sé skýr. Þá verður ljóst hvar skórin kreppir og hægt verður að vinna markvist að úrbótum. Slíkur gagnagrunnur mun einnig einfalda alla vinnu við skýrslugerð og upplýsingagjöf til neytenda.

Samantekt niðurstaðna fyrir það tímabil sem skýrslan nær til sýnir að örveruástand er í flestum tilvikum mjög gott hjá stærri vatnsveitum, en lakara hjá minni veitum sem þjóna færri en 500 íbúum. Þá er efnafræðilegt ástand neysluvatns á landinu almennt mjög gott og sjaldgæft að eitrefni greinist í vatninu. Heildarúttektir, sem bæði ná yfir örveruástand og efnainnihald, eru flestar frá vatnsveitum sem þjóna fleiri en 500 íbúum og uppfylla veiturnar í nær öllum tilvikum kröfur neysluvatnsreglugerðar.

Jón Gíslason, forstjóri Matvælastofnunar

## Executive Summary

In this report a comprehensive analysis on the compliance to the Icelandic drinking water regulation (Regulation nr 536/2001) is presented. It is prepared for the Food and Veterinary Authority (MAST) and presents information on surveillance carried out by the ten Local Competent Authorities for the period January 1<sup>st</sup>, 2002, to December 31<sup>st</sup>, 2012, on audit monitoring and regular monitoring.

During the period 45.848 regular monitoring tests for seven parameters were carried out on samples taken from 797 water supply systems, in all 8.931 samples. For audit monitoring 10.329 tests for 40 parameters were carried out on samples taken from 76 water supply systems, in all 345 samples. In regular monitoring compliance was 95,26% in that period and audit monitoring compliance was 99,70%. There was an overall improvement in compliance during the period.

The results for the seven parameter were divided on two size categories; larger and fewer than 500 inhabitants. The results showed that compliance for regular monitoring for the whole country for three years (2010 to 2012), was 98,5% for water supply serving more than 500 inhabitants and 94,7% for smaller water supply. 99,1% of the samples were negative for *E.coli* in the larger category and 93,5% in the smaller. Chemical status of drinking water was good and non-compliance was rare. There were 8 incident of chemicals exceeding a permitted level, namely aluminum, iron, chloride and nickel.

Regular monitoring for four parameters was analysed according to the ten Local Competent Authorities areas and according to the two size categories. It revealed some difference in compliance most likely due to difference in groundwater availability.

## Inngangur

Tilgangur þessarar skýrslu er að upplýsa notendur um gæði neysluvatns á Íslandi á árabílinu 2002 til 2012 eða frá gildistöku neysluvatnsreglugerðar, sem tók gildi árið 2001 (Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001). Fyrir 5. desember 2003 skyldi kröfum hennar um gæði neysluvatns fullnægt. Hún var innleidd í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um neysluvatn (Council Directive 98/83/EC of 3 November 1998 on the quality of water intended for human consumption). Markmið reglugerðarinnar er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. Neysluvatn er skilgreint sem vatn ætlað til neyslu eða matargerðar og einnig vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum. Neysluvatnsreglugerðin (NVR) gildir ekki um hitaveituvatn. Skýrsla þessi gefur upplýsingar um gæði neysluvatns á öllu landinu og jafnframt um ástand neysluvatns m.t.t. ákveðinna þátta á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði. Ef notendur vilja fá nánari upplýsingar um gæði neysluvatns frá vatnsveitunni sem þeir fá vatn frá er þeim bent á að hafa samband við viðkomandi heilbrigðiseftirlit eða vatnsveitu.

Skýrslan er unnin fyrir Matvælastofnun, sem heyrir undir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Þegar neysluvatnsreglugerðin tók gildi tilheyrðu neysluvatnsmál Hollustuvernd ríkisins sem varð síðar Umhverfisstofnun. Matvælastofnun tók síðan við málaflokknum 1. janúar 2008.

Nokkrir vatnsbornir sjúkdómsfaraldrar hafa verið skráðir hér á landi á undanförunum áratugum. Flestir af völdum nóróveiru eða kampýlóbakter. Á tímabilinu frá 1997 til ársloka 2010 voru tólf vatnsbornir faraldrar skráðir, flestir litlir og sá síðasti árið 2007 (Margrét Geirsdóttir, 2011). Áætlað er að um 700 manns hafi veikst í þessum faröldrum, sem hafa allir orðið hjá minni vatnsveitum. Árið 2004 urðu tveir stórir nóróveiru faraldrar af völdum mengaðs neysluvatns, annar að Húsafelli og hinn í Mývatnssveit og talið að samtals hafi 300 manns veikst (Haraldur Briem, 2005; Ása Atladóttir, 2006; Gunnarsdóttir o.fl., 2013). Orsök faraldursins við Mývatn var að rotþró var of nálægt vatnsbóli og í rennslisstefnu grunnvatns. Í Húsafelli var talið að yfirborðsvatn kæmist í vatnsleiðsluna. Nokkur mengunartilfelli hjá vatnsveitum hafa verið skráð hjá heilbrigðiseftirlitssvæðum á undanförunum árum. Árið 2010 mengaðist neysluvatn íbúa á Eskifirði við krosstengingu inn á kerfið í fiskimjölverksmiðju þegar verið var að hreinsa lestar skips. Aðeins eitt tilfelli af niðurgangi sem talið var að mætti rekja til mengunarinnar var skráð hjá heilsugæslunni (HAUST, 2010), en það er almennt talið að aðeins lítill hluti veikindatíllfella tengdum þessum sjúkdómum rati í skráningakerfi heilsugæslustöðva, þar sem margir leita ekki læknis þó þeir fái niðurgangspest (Craun o.fl., 2006; Roy et al., 2006).

## Vatnsveitur á Íslandi

Stærri vatnsveitur á Íslandi eru flestar í eigu sveitarfélaga en minni vatnsveitur eru flestar í einkaeigu, þ.e. í eigu notenda sjálfra. Fjöldi vatnsveitna á landinu sem þjóna fleirum en 500 íbúum voru 49 talsins árið 2012. Þær þjóna um 94% þjóðarinnar á meðan 6% fá vatn frá minni vatnsveitum eða einstökum vatnsbólum. Þessu til viðbótar þjóna vatnsveiturnar erlendum ferðamönnum sem heimsækja landið ár hvert og samkvæmt skráningu Ferðamálastofu voru þeir um 900 þúsund árið 2013 (Oddný Þóra Óladóttir, 2013). Einnig þjóna vatnsveitur innlendum ferðamönnum og sumarhúsagestum vítt og breitt um landið. Skráður íbúafjöldi á svæðum vatnsveitu segir því ekki allt um umfang hennar.

Vatnsveitur hér á landi eru oftast uppbyggðar þannig að vatn er unnið úr jarðlögum, leitt þaðan í aðveituæð í miðlunartank í nágrenni bæja og síðan dreift í gegnum dreifikerfi til notenda. Heildarlengd lagna er ekki þekkt en gróflega áætlað eru um 4 þúsund kílómetrar af kaldavatnspípum í jörðu á landinu öllu. Stærstur hluti þeirra eru plaströr og að mestu úr polyetylen plasti. Síðan eru það steypujárnspípur, annað hvort eldri gerðir sem eru svonefndar pottlagnir (cast iron) eða endurbættar seigjárnslagnir (ductil) þar sem bætt hefur verið í magnesíum til að auka sveigjanleika lagna (Hilmar Sigurðsson, 1995). Þær fyrrnefndu er ekki framleiddar lengur og hafa „ductil“ pípurar að mestu leyst þær af hólmi. Fyrir nokkrum áratugum var töluvert lagt af asbeströrum í aðveituæðar vatnsveitna, en þær hafa að miklu leyti verið endurnýjaðar með plastlögnum eða „ductil“ rörum. Einnig fyrirfinnst stálrör í dreifikerfi vatnsveitna þó í minna mæli sé.

Neysluvatn er að mestu grunnvatn tekið úr borholum, brunnum eða uppsprettum og er sjaldan meðhöndlað. Klór er ekki notaður til sótthreinsunar á neysluvatni hér á landi. Þar sem neysluvatnið er yfirborðsvatn er það oftast meðhöndlað með síun og sótthreinsað með geislun. Hjá mörgum vatnsveitum þar sem hætta er á að yfirborðsvatn komist ofan í grunnvatn á ákveðnum tímum, til dæmis við miklar leysingar eða úrkomu, er vatnið geislað til öryggis annað hvort stöðugt eða tímabundið. A.m.k. fjórtán vatnsveitur sveitarfélaga hafa sett upp geislunartæki, eitt eða fleiri, til að sótthreinsa vatnið. Umhverfisstofnun hefur áætlað að um 95% af neysluvatni á Íslandi sé grunnvatn tekið úr borholum, brunnum eða uppsprettum og 5% sé yfirborðsvatn (Umhverfisstofnun, 2010).

## Lög og reglugerðir

Nokkur fjöldi laga og reglugerða eru í gildi er varða neysluvatn, heilnæmi og varnir gegn mengun þess. Vatnsveitur starfa skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Þau lög fjalla um rekstur vatnsveitna, einkaleyfi og gjaldtöku. Þar segir að sveitarfélag eigi að starfrækja vatnsveitu í þéttbýli í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna og hefur þar einkaleyfi til þess. Þéttbýli hefur verið skilgreint sem þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra (Skipulagslög nr. 123/2010). Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitur sé það talið hagkvæmt en að öðrum kosti þurfa íbúarnir þar sjálfir að sjá sér fyrir nothæfu neysluvatni (lög nr. 32/2004).

Rétturinn til neysluvatns er nokkuð afdráttarlaus í íslenski löggjöf. Öllum er heimilt að taka vatn til heimilisþarfa og bús, þar sem landeiganda er meinlaust skv. vatnalögum (lög nr. 15/1923) og eiga þessi ákvæði og fleiri um rétt til vatns uppruna sinn í fornum lögum. Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar (Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998).

Bann við mengun vatns er skýr í íslenski löggjöf. Í vatnalögum er bann við óhreinkun vatna. Óheimilt er að spilla grunnvatni við vinnslu auðlinda (lög nr. 57/1998). Í reglugerðum um varnir gegn mengun vatns og grunnvatns segir að mengun vatns sé óheimil (Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns). Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 voru sett í samræmi við rammatilskipun Evrópusambandsins um vatnsstjórnun

(Directive 2000/60/EC of 23 October 2000 establishing a framework for Community action in the field of water policy). Markmið þeirra laga er að vernda vatn og vistkerfi þess. Í kjölfarið voru settar reglugerðir um nánari útfærslu laganna með það að markmiði að skilgreina aðferðir til að flokka vatnshlot og setja mælanleg viðmið til að hægt sé að meta ástand vatns og tryggja verndun þess. Mikið verk er framundan við að uppfylla ákvæði þeirrar lagasetningar.

Í lögum nr. 93 frá 1995 um matvæli er neysluvatn skilgreint sem matvæli og vatnsveitur eru því matvælafyrirtæki, sem er skylt að hafa virkt innra eftirlit til þess að tryggja neytendum öruggt neysluvatn. Af þeim 50 vatnsveitum sem þjóna fleirum en 500 íbúum höfðu árið 2009, 23 vatnsveitur innleitt innra eftirlit og því til viðbótar hafa 8 minni vatnsveitur sett upp innra eftirlit. Alls hafa því 31 vatnsveita sett upp innra eftirlit til að hafa stjórn á þeim þáttum sem geta valdið því að heilnæmi vatns sé ógnað, s.s. vegna mengunar. Þessi aðferð hefur sýnt sig að bæta bæði vatnsgæði og lýðheilsu (Gunnarsdóttir o.fl., 2012a; 2012b; 2012 c, 2014a).

Markmið með neysluvatnsreglugerðinni er að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. Þar segir að vatnsveitur og aðrir sem dreifa neysluvatni skulu sjá til þessa að það uppfylli kröfur um gæði og skal það, eins og segir í reglugerðinni, „vera laust við örverur, sníkjudýr og efni í því magni sem getur haft áhrif á heilsu manna“. Vatnsveitur bera þannig ábyrgð á að neysluvatn sé ekki skaðlegt heilsu manna og miðast sú ábyrgð við afhendingarstað í inntaksgrind í fasteignum. Húseigendur bera ábyrgð á heilnæmi neysluvatns innanhúss. Leyfilegt hámarksgildi efna er skilgreint í neysluvatnsreglugerðinni og fyrir þau efni sem ekki er fjallað um þar, skal styðjast við leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO, 2011). Sum efnin eru hættuleg heilsu manna á meðan önnur eru einungis talin skemma bragð eða útlit vatnsins og gera vatnið þannig ólustugt til neyslu. Einnig eru mældir ýmsir þættir sem eru vísbending um mengun vatns.

Í reglugerðinni eru efnin flokkuð í þrjá viðbragðsflokka A, B og C eftir því hversu bráð hættan er. Ef efni í viðbragðsflokki A eru yfir leyfðum hámarksgildum þá skal bregðast strax við til að endurheimta gæðin og tilkynna neytendum tafarlaust. Ef efnið er í viðbragðsflokki B skal strax bregðast við en aðgerðir og viðbrögð fara eftir hversu mikið efnin eru yfir hámarksgildi og hver hættan er fyrir heilsu manna. Oftast eru efnin í flokki B hættuleg heilsu manna við langvarandi neyslu jafnvel í litlum mæli, en þau valda ekki bráðæitrún. Falli efnið í viðbragðsflokk C skal meta hvort mönnum er hættu búin. Meginreglan er að ef mönnum er hættu búin skal upplýsa notendur tafarlaust. Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga ber ábyrgð á því að upplýsa neytendur um ástand vatnsins og aðgerðir sem þeir geta gripið til. Hún skal þegar láta rannsaka frávik og meta líkur á hvort heilsu manna stafi hættu af og tilkynna sóttvarnalækni um hugsanlega smíthættu.

Í NVR segir m.a., *„Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu árlega skila skýrslu til Matvælastofnunar um niðurstöður úr sýnatökum á neysluvatni og Hollustuvernd ríkisins (nú Matvælastofnun) skal taka saman og birta skýrslur árlega um ástand neysluvatns í þeim tilgangi að koma upplýsingum á framfæri við neytendur.“* Fjallað hefur verið um gæði neysluvatns í ársskýrslum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar en með þessari útgáfu er í fyrsta sinn birt ítarleg samantekt á niðurstöðum mælinga frá 2002 til 2012.

## Eftirlit með vatnsveitum

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og viðkomandi heilbrigðiseftirlit í þeirra umboði, undir yfirumsjón Matvælastofnunar, hafa eftirlit með vatnsveitum hvað varðar heilnæmi og hreinleika neysluvatns (lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lög nr. 93/1995 um matvæli). Heilbrigðiseftirlitssvæði landsins eru tíu og heldur hvert heilbrigðiseftirlit skrá yfir eftirlitsskyldar vatnsveitur. Afla skal starfsleyfis fyrir eftirlitsskyldar vatnsveitur hjá heilbrigðisnefnd, þar sem við umsókn liggur fyrir ákvörðun um vatnsvernd, rannsókn á gæðum vatnsins og upplýsingar um innra eftirliti. Heilbrigðisnefnd skal síðan sannreyna þessa þætti með úttekt áður en leyfi er veitt. Leyfi heilbrigðisnefnda þarf fyrir íblöndun efna og aðferða við meðhöndlun neysluvatns og fyrir hverjum

þeim breytingum hjá vatnsveitum sem geta haft áhrif á gæði neysluvatns. Vatnsveitur skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatnsból spillist og tilkynna um mengun til heilbrigðisnefnda.

Starfsleyfis- og eftirlitsskyldar vatnsveitur eru vatnsveitur sem þjóna 50 manns eða fleiri, eða 20 heimilum/sumarbústöðum eða matvælafyrirtækjum. Matvælafyrirtæki er skilgreint sem fyrirtæki eða aðili sem annast framleiðslu og dreifingu matvæla (Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn).

Samkvæmt neysluvatnsreglugerð skal haft eftirlit með gæðum neysluvatns og eru eftirlitsþættir, tíðni eftirlits og nákvæmni mælinga skilgreind í reglugerð. Jafnframt skal haft eftirlit með vatnsvernd, ástandi vatnsbóla, hreinsi- og dælustöðvum, dreifikerfi og öðru því er áhrif kann að hafa á neysluvatn. Ekki er tilgreint í reglugerð hvernig því eftirliti skuli háttað.

Eftirlit með gæðum vatnsins er tvíþætt; annarsvegar *reglubundið eftirlit* með 14 rannsóknarþáttum, sem eru örverur ásamt nokkrum öðrum þáttum sem eru vísar á mengun og hinsvegar *heildarúttekt* með 45 rannsóknarþáttum, þar sem mældir eru m.a. þungmálmar, olíufni og lífræn klórsambönd ásamt örverugreiningum. Sum efnin þarf ekki að mæla nema við ákveðnar aðstæður, t.d. ef um er að ræða yfirborðsvatn og vatnið er hreinsað. Í viðauka þessarar skýrslu eru kröfur neysluvatnsreglugerðarinnar um rannsóknarþætti og hámarksgildi þeirra.

Tíðni sýnatöku fer eftir íbúafjölda á veitusvæði og er skilgreind í reglugerðinni. Sýnataka í reglubundnu eftirliti miðast við 50 íbúa eða 20 heimili/sumarbústaði og matvælafyrirtæki en heildarúttekta við 500 íbúa. Heilbrigðisnefndir í samráði við Matvælastofnun skulu ákvarða tíðni heildarúttekta hjá veitum með 500 íbúum eða færri Ekki er tilgreint í reglugerð hvort átt er við fasta búsetu eða þann fjölda sem vatnsveitan þjónar að jafnaði þegar tíðni eftirlits er ákvörðuð. Margar vatnsveitur þjóna umtalsvert fleirum en þeim sem þar búa að staðaldri, s.s. eins og á sumarbústaðasvæðum eða fjölförnum ferðamannastöðum. Taka skal sýni þannig að þau endurspegli ástand vatns á mismunandi árstímum og greining skal vera faggild. Taka skal sýni bæði úr vatnsbólum og í dreifikerfi. Heildarúttekt á vatni skal framkvæmd áður en nýtt vatnsból er tekið í notkun.

Heilbrigðisnefnd hefur heimild til að ákvarða tíðari sýnatöku, s.s. hjá litlum vatnsveitum vegna vatns sem notað er á sjúkrastofnunum, í skólum eða annarri starfsemi og ef vatnsgæði eru óstöðug.

## Aðferðafræðif

Til að komast að því hvort vatnsveitur uppfylltu kröfur neysluvatnsreglugerðarinnar með tilliti til vatnsgæða þurfti að nálgast niðurstöður reglubundinnar sýnatöku og heildarúttekta. Gerð var stærðarflokkun á vatnsveitum til að greina hvaða vatnsveitur væru eftirlitsskyldar. Eftirlitsskyld vatnsveita er ábyrg fyrir gæðum vatns inn í tengigrind og er hér skilgreind sem vatnsveita með dreifikerfi sem er ótengt öðrum vatnsveitum, með eitt eða fleiri vatnsból (eða kaupir vatn frá annari veitu í heildsölu) og uppfyllir jafnframt skilyrði um eftirlitsskyldu vegna stærðar eða vegna matvælaframleiðslu.

Stærðarflokkunin var gerð með hliðsjón af flokkun í neysluvatnsreglugerðinni um lágmarkstíðni greininga. Hér var bætt við tveimur viðbótarflokkum fyrir eftirlitsskyldar vatnsveitur, þ.e. þær sem eru í stærðarflokknum 50 til 150 íbúar og einkaveitur með matvælafyrirtæki. Einnig var bætt við nokkrum flokkum fyrir vatnsveitur sem ekki eru tilgreindar sem eftirlitsskyldar, en heilbrigðiseftirlitið hefur tekið sýni hjá, s.s. í fjallaskálum og stökum sumarbústöðum. Einnig er flokkur sem ber heitið vatnsfyrirtæki og um þau er sérstakt ákvæði í neysluvatnsreglugerðinni, en þau er ekki hluti af þessari samantekt. Að lokum er einn flokkur fyrir vatnsveitu sem er óþekkt eða notkun hennar hætt. Í þessari skýrslu er einungis fjallað um vatnsgæði hjá vatnsveitum sem skilgreindar eru í flokkum 1 til og með 15 og teljast eftirlitsskyldar. Flokkun vatnsveitna er sýnd í töflu 1.



Tafla 1 Flokkun á vatnsveitum

Skilgreining	Flokkur
>50000 íbúar	1
45001-50000 íbúar	2
40001-45000 íbúar	3
35001-40000 íbúar	4
30001-35000 íbúar	5
25001-30000 íbúar	6
20001-25000 íbúar	7
15001-20000 íbúar	8
10001-15000 íbúar	9
5001-10000 íbúar	10
1001-5000 íbúar	11
501- 1000 íbúar	12
151-500 íbúar	13
50-150 íbúar	14
Litlar veitur m/matvælafyrirtæki s.s. kúabú, hótél, gistipjónusta með mat	15
Fjallaskálar	16
Aðrar veitur án matvælafyrirtækja, ekki eftirlitsskyldar og veitur sem ekki hafa hafið rekstur	17
Vatnsfyrirtæki	18
Vinnubúðir	19
Vatnstankar - skip og tankar	20
Óflokkað eða hætt rekstri	99

Örverugreiningarnar voru gerðar af rannsóknastofunum Matís ohf, Rannsóknþjónustunni Sýni hf og dótturfyrirtæki þess ProMat ehf. Heildarefnagreiningarnar voru gerðar hjá ALS Scandinavia AB í Svíþjóð eða á þeirra vegum. Heilbrigðiseftirlitið tekur sýnin og sendir til greiningar. Niðurstöður heildarúttekta voru fengnar beint frá viðkomandi heilbrigðiseftirliti eða vatnsveitu. Niðurstöður reglubundins eftirlits voru fengnar úr fjórum mismunandi gagnagrunnum frá rannsóknastofunum. Einn gagnagrunnur fyrir eitt heilbrigðiseftirlitssvæði náði aðeins aftur til 2005 en þrír gagnagrunnar gáfu upplýsingar um reglubundið eftirlit frá 2002 til 2012 á níu heilbrigðiseftirlitssvæðum. Gagnagrunnur frá miðju ári 2009 til loka árs 2012 reyndist aðgengilegastur.

Töluvert verk var að tengja saman vatnsveitu, þ.e. ábyrgðaraðila, við auðkenni sýnis í gögnunum. Þau voru ekki endilega merkt vatnsveitunni, heldur frekar merkt sýnatökustað og er heiti minni vatnsveita oft á reiki.

Í gögnunum er yfirleitt tilgreint hvort um reglubundið eftirlit er að ræða eða hvort sýnatakan sé endurtekning, kvörtun eða annað. Í þessari úrvinnslu eru einungis tekin sýni sem flokkast sem reglubundið eftirlit. Það er gert til að meta hvort vatnsveitur uppfylli kröfur neysluvatnsreglugerðarinnar um gæði við lögboðið reglubundið eftirlit.

## Niðurstöður fyrir allt landið

### Fjöldi vatnsveitna á Íslandi

Samkvæmt úrvinnslu gagnanna eru eftirlitsskyldar vatnsveitur á landinu árið 2012 797 talsins, sjá töflu 2. Fjöldi vatnsveitna sem þjóna 50 manns eða fleirum eru 187 og einkaveitur sem þjóna matvælafyrirtækjum s.s. kúabúum eða ferðapjónustu þar sem er framreiddur matur, eru 610 talsins.

Tafla 2 Fjöldi eftirlitsskyldra vatnsveitna á Íslandi árið 2012.

Eftirlitsskyldar vatnsveitur				
>5000 íbúar	500-5000 íbúar	50-500 íbúar	Einkaveita með matv.fyrirtæki	Eftirlitsskyldar vatnsveitur
Flokkar 1-10	Flokkar 11-12	Flokkar 13-14	Flokkur 15	Alls
9	40	138	610	797

Nokkurrar ónákvæmni gætir við talningu á litlum einkavatnsveitum og misjafnt hvar þær eru flokkaðar af heilbrigðiseftirlitinu. Öll mjólkurframleiðsla er talin með en misjafnt er hvaða ferðapjónustufyrirtæki eru skilgreind sem eftirlitsskyld. Nauðsynlegt er að skilgreina hvaða starfsemi á að falla í þann flokk og ganga þá frekar út frá notendafjölda eða vatnsnotkun en íbúum sem hafa fasta búsetu.

Þetta eru ekki allar vatnsveitur landsins og þyrfti nákvæmari talningu til að komast að fjölda þeirra og eins og kom fram hér að ofan þarf að samræma reglur um flokkun vatnsveitna. Gera þarf nánari leiðbeiningar um hvernig vatnsveitur eru skilgreindar sem eftirlitsskyldar.

### Niðurstöður reglubundins eftirlits

Við reglubundið eftirlit með neysluvatni er haft eftirlit með tíu rannsóknarpáttum og sé um yfirborðsvatn að ræða bætist við einn rannsóknarpáttur (*Clostridium perfringens*). Einnig eru tilgreindir í reglugerðinni þrír þættir (ál, járn og nítrít) sem á að mæla þegar beitt er hreinsunaraðferðum sem ekki eru í notkun hér á landi. Lykt, lit, bragð og grugg skal meta með skynmati, þ.e. sem fullnægjandi fyrir neytendur og engin óeðlileg breyting. Niðurstöður skynmats á þremur fyrstnefndu þáttunum er ekki að finna í gagnagrunnunum fjórum sem lagðir voru til grundvallar. Þegar yfirborðsvatn er hreinsað skal stefna að því að hámarksgildi gruggs sé ekki hærra en 1 NTU sem er mæling á hversu gegnsætt vatnið er. Grugg var mælt í 74% tilfella við reglubundið eftirlit og reyndist það vera yfir 1 NTU í 5% tilfella.

Niðurstöður eftirlits með sjö rannsóknarpáttum, fyrir landið allt, má sjá í töflum 3-5. Niðurstöðurnar eru byggðar á rannsóknum 8931 sýna. Hjá einu heilbrigðiseftirlitssvæði náðu gögn aðeins aftur til 2005 og því má gera má ráð fyrir að það vanti niðurstöður fyrir u.þ.b. 500 sýni.

Í töflu 3 eru niðurstöður reglubundins eftirlits á ellefu ára tímabili, 2002 til og með 2012. Þar kemur fram að vatnið uppfyllir kröfur reglugerðarinnar, hvað örverufræðilegt ástand varðar, í 90,5 til 94% tilfella. Frávik vegna *E.coli* mengunar eru 6%. Í niðurstöðum frá einu heilbrigðiseftirlitssvæði greindust kólígerlar sautján sinnum án þess að í framhaldinu væri kannað hvort um *E.coli* væri að ræða. Í úrvinnslu hér var gert ráð fyrir að svo hafi verið í öllum tilfellum.

**Tafla 3 Niðurstöður reglubundins eftirlits 2002 - 2012 á vatnsgæðum hjá vatnsveitum. Allar tiltækar mælingar á sjö rannsóknarpáttum.**

Rannsóknarpáttur	Viðbragðs-flokkur <sup>1</sup>	Hámarksgildi	Fjöldi mælinga	Fjöldi mælinga yfir	% mælinga sem uppfylla
<b>Heildargerlafjöldi við 22°C</b>	C	100/ml	8923	852	90,5%
<b>Kóligerlar</b>	C	0/100 ml	8931	611	93,2%
<b><i>E.coli</i></b>	A	0/100 ml	8931	532	94,0%
<b><i>Clostridium perfringens</i></b> (aðeins mælt ef yfirborðsvatn)	C	0/100 ml	72	0	100,0%
<b>Ammoníum</b>	C	0,50 mg/l	5840	1	100,0%
<b>Leiðni</b>	C	2500 µS cm <sup>-1</sup> við 20°C	6835	1	100,0%
<b>Sýrustig (pH)</b>	C	≥ 6,5 og ≤ 9,5	6316	176	97,2%
<b>Alls</b>			45848	2173	95,26%

1. Viðbragsflokkar eru skv. 14. gr. neysluvatnsreglugerðarinnar

Í töflum 4 og 5 eru niðurstöður eftirlits þriggja ára, þ.e. árána 2010-2012 fyrir vatnsveitur sem annarsvegar þjóna fleirum en 500 íbúum og hinsvegar fyrir vatnsveitur sem þjóna 50 til 500 íbúum eða matvælafyrirtæki. Við samanburð á töflunum kemur fram að stærri veitur uppfylla kröfur um örverufræðilegt ástand mun betur en minni vatnsveitur. *E.coli* gerlar greinast þar aðeins í 0,9% sýna hjá stærri vatnsveitum á móti 6,5% sýna í minni vatnsveitum. Sama á við um heildargerlafjölda og kóligerla sem eru í um 2% tilfella yfir mörkum hjá stærri vatnsveitum en um 9% hjá minni vatnsveitum. Ammoníum og leiðni eru alltaf innan marka. Sýrustig er nokkuð oft yfir mörkum en sýrustigsmæling sem gerð er nokkru eftir að sýni hefur verið tekið gefur ónákvæma mynd af sýrustigi neysluvatns.

**Tafla 4 Niðurstöður reglubundins eftirlits 2010-2012 á vatnsgæðum hjá vatnsveitum sem þjóna fleiri en 500 íbúum. Flokkar 1-12.**

Rannsóknarpáttur	Viðbragðs-flokkur <sup>1</sup>	Hámarksgildi	Fjöldi mælinga	Fjöldi mælinga yfir mörkum	% mælinga sem uppfylla NVR
<b>Heildargerlafjöldi við 22°C</b>	C	100/ml	1367	26	98,1%
<b>Kóligerlar</b>	C	0/100 ml	1366	25	98,2%
<b><i>E.coli</i></b>	A	0/100 ml	1366	12	99,1%
<b><i>Clostridium perfringens</i></b> (aðeins mælt ef yfirborðsvatn)	C	0/100 ml	9	0	100,0%
<b>Ammoníum</b>	C	0,50 mg/l	801	0	100,0%
<b>Leiðni</b>	C	2500 µS cm <sup>-1</sup> við 20°C	1145	0	100,0%
<b>Sýrustig (pH)</b>	C	≥ 6,5 og ≤ 9,5	929	18	98,1%
<b>Alls</b>			8134	120	98,5%

1) Viðbragsflokkar eru skv. 14. gr. neysluvatnsreglugerðarinnar

Tafla 5 Niðurstöður reglubundins eftirlits 2010-2012 á vatnsgæðum vatnsveitum með 500 íbúa eða færri. Flokkar 13-15.


Rannsóknarpáttur	Viðbragðs-flokkur <sup>1</sup>	Hámarksgildi	Fjöldi mælinga	Fjöldi mælinga yfir	% mælinga sem uppfylla
<b>Heildargerlafjöldi við 22°C</b>	C	100/ml	1111	104	90,6%
<b>Kóligerlar</b>	C	0/100 ml	1113	94	91,6%
<b><i>E.coli</i></b>	A	0/100 ml	1113	72	93,5%
<b><i>Clostridium perfringens</i></b> (aðeins mælt ef yfirborðsvatn)	C	0/100 ml	0		
<b>Ammoníum</b>	C	0,50 mg/l	878	0	100,0%
<b>Leiðni</b>	C	2500 µS cm <sup>-1</sup> við 20°C	891	0	100,0%
<b>Sýrustig (pH)</b>	C	≥ 6,5 og ≤ 9,5	889	48	94,6%
<b>Alls</b>			6893	367	94,7%

1) Viðbragsflokkar eru skv. 14. gr. neysluvatnsreglugerðarinnar

Í töflu 6 og mynd 1 er sýnd þróun á vatnsgæðum yfir tímabilið sem er til skoðunar. Þar er fjöldi tilvika og hlutfall þar sem kóligerlar og *E.coli* gerlar uppfylla kröfur neysluvatnsreglugerðarinnar ár hvert. Kóligerlar er flokkur gerla sem finnast víða, í þörmum dýra, í jarðvegi, yfirborðsvatni og bendir til lífræna mengunar. *E.coli* (*Eschericia coli*) gerlar tilheyra þeim flokki en er afbrigði sem lifir í þörmum lífvera með heitt blóð og kemur því úr saur manna og dýra. *E.coli* gefur því til kynna að vatnið sé saurmengað. Í neysluvatnsreglugerðinni er krafa um að ef kóligerla finnast í vatni þá á að leita að *E.coli*. Saurmengun er algengasta orsök vatnsborinna faraldra í heiminum og þessir gerlar eru því mikilvægur eftirlitsþáttur og vísar á heilnæmi vatns. Bregðast skal við tafarlaust ef *E.coli* greinist í neysluvatni. Myndin sýnir að á þessum ellefu árum hefur ástandið í heild batnað.

**Tafla 6 Niðurstöður reglubundins eftirlits eftir árum á kóligerlum og *E.coli* hjá vatnsveitum. Allar tiltækar mælingar.**

Ár	Kóligerlar			<i>E.Coli</i>		
	Fjöldi sýna	Fjöldi yfir mörkum	% mælinga sem uppfylla NVR	Fjöldi sýna	Fjöldi yfir mörkum	% mælinga sem uppfylla NVR
2002	606	47	92,2%	606	44	92,7%
2003	688	68	90,1%	688	64	90,7%
2004	770	82	89,4%	770	77	90,0%
2005	791	73	90,8%	791	67	91,5%
2006	975	59	93,9%	975	53	94,6%
2007	881	59	93,3%	881	45	94,9%
2008	882	58	93,4%	882	54	93,9%
2009	860	46	94,7%	860	44	94,9%
2010	866	33	96,2%	866	28	96,8%
2011	751	33	95,6%	751	26	96,5%
2012	861	53	93,8%	861	30	96,5%
Alls	8931	611	93,2%	8931	532	94,0%



**Mynd 1 Hlutfall sýna sem uppfyllir reglugerð varðandi kóligerla og *E.coli* 2002-2012.**

## Niðurstöður heildarúttekta

Heildarúttekt á neysluvatni er eftirlit með ýmsum efnum sem geta verið í vatni s.s. málmum, þungmálmum, olíuefnum og lífrænum leysiefnum. Mörg efnanna eru náttúruleg í vatni meðan önnur benda til mengunar af manna völdum. Krafa um þessar efnagreiningar var ekki í reglugerð sem var í gildi fyrir 2001 og gefa niðurstöðurnar því nýjar upplýsingar um efnafræðilegt ástand neysluvatn á landinu. Örverugreiningu skal gera samtímis heildarúttekt og er hún hluti af henni. Safnað hefur verið öllum tiltækum heildarúttektum sem gerðar hafa verið fyrir vatnsveitur hér á landi síðan neysluvatnsreglugerðin var innleidd. Þær niðurstöður voru fengnar beint frá vatnsveitum eða heilbrigðiseftirlitssvæðum (M.J. Gunnarsdóttir, 2005; Gunnarsdóttir o.fl. 2014b). Alls hefur verið safnað 345 niðurstöðum frá 76 aðgreindum dreifikerfum vatnsveitna sem rekin eru af 46 vatnsveitum. Af þeim eru 89% niðurstöður sýnatöku hjá vatnsveitum sem þjóna fleirum en 500 íbúum. 42% sýna voru tekin við lind, 23% í miðlunartanki og 35% í dreifikerfi. Sýni til örverugreininga voru tekin samtímis í 65% tilvika, eða í 226 heildarúttektum af 345. Í þessum heildarúttektum var ekki prófað fyrir *Clostridium perfringens* en það á að gera ef um yfirborðsvatn er að ræða.

Fram kemur í töflu 7 að heildarúttektir standast ákvæði reglugerðarinnar í **99,70%** tilvika. Það er 31 frávik frá reglugerð af 10.329 einstökum rannsóknarpáttum og flest frávik eru í flokki C, eða 25 frávik. Viðbragðsflokkur C er sá flokkur þar sem hættan er talin minnst fyrir neytendum.

Örverur greinast í nokkrum sýnum og þar af greinast saurgerlar í fjórum sýnum (*E.coli* og Saurkokkar), sem fellur undir viðbragðsflokk A. Bregðast skal strax við í slíkum tilvikum, tilkynna neytendum og benda þeim á varúðarráðstafanir eins og að sjóða vatnið á meðan aðgerðir til úrbóta eru framkvæmdar.

Þrjár málmar greinast yfir leyfðu hámarksgildi reglugerðarinnar; járn fjórum sinnum, ál og nikkell einu sinni hvor málmur. Ál og nikkell eru málmar sem falla undir viðbragðsflokk B og skal grípa til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta ef farið er yfir heilsufarsmörk, en viðbrögð fara þó eftir því hversu mikið yfir hámarksgildi mælda gildið er. Járn er ekki talið hættulegt heilsu manna en hefur áhrif á bragð og útlit og fellur undir viðbragðsflokk C. Vatnið verður rauðbrúnt og bragðvont og er vatnið löngu orðið óhæft til neyslu áður en það hefur áhrif á heilsu. Eiturefni hafa greinst nokkru sinnum í vatninu en aldrei yfir leyfðu hámarksgildi reglugerðarinnar.

Í næsta kafla eru nánari lýsingar á þeim ellefu eftirlitspáttum sem hafa farið yfir mörk, hver uppruni þeirra gæti verið og áhrif þeirra á heilnæmi og bragðgæði vatns. Þær lýsingar eru að mestu byggðar á leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO, 2011) nema að annars sé getið.

Tafla 7 Niðurstöður heildarúttektar á vatnsgæðum hjá íslenskum vatnsveitum 2002-2012. Flokkar 1-14.

Rannsóknarpáttur	Viðbragðs-flokkur	Hámarksgildi	Fjöldi mælinga 2002-2012	Fjöldi mælinga yfir mörkum	% mælinga sem uppfylla reglugerð
<b>Heildarúttekt - Överufræðilegir þættir.</b>					
Heildargerlafjöldi við 22°C	C	100/ml	226	5	97,8%
Kólligerlar	C	0/100 ml	226	7	96,9%
<i>Escherichia coli</i> ( <i>E. Coli</i> )	A	0/100 ml	226	3	98,7%
Saurkokkar	A	0/100 ml	109	1	99,1%
<i>Clostridium perfringens</i> (þ.m.t. gró) <sup>1</sup>	C	0/100 ml	0		
<b>Heildarúttekt - Efna- og eðlisfræðilegir þættir.</b>					
1,2-diklóretan	B	3,0 µg/l	325	0	100,0%
Akrylamíð <sup>2</sup>	B	0,10 µg/l	0		
Ál	B	200 µg/l	344	1	99,7%
Ammonium	B	0,50 mg/l	327	0	100,0%
Antímon	B	5,0 µg/l	340	0	100,0%
Aromatísk fjólhringa kolvatnsefni (PAH)	B	0,10 µg/l	325	0	100,0%
Arsen	B	10 µg/l	342	0	100,0%
Bensen	B	1,0 µg/l	329	0	100,0%
Benso(a)pyren	B	0,010 µg/l	326	0	100,0%
Bly	B	10 µg/l	344	0	100,0%
Bór	B	1,0 mg/l	326	0	100,0%
Bragð	C	Engin óeðlileg breyting	0		
Brómat <sup>2</sup>	B	10 µg/l	0		
Epiklórhýdrín <sup>2</sup>	B	0,10 µg/l	0		
Flúoríð	B	1,5 mg/l	341	0	100,0%
Grugg <sup>3</sup>	C	Engin óeðlileg breyting	191		
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) <sup>3</sup>	C	Engin óeðlileg breyting	291		
Járn	C	200 µg/l	343	4	98,8%
Kadmíum	B	5,0 µg/l	345	0	100,0%
Klóríð	C	250 mg/l	340	2	99,4%
Kopar	B	2,0 mg/l	344	0	100,0%
Króm	B	50 µg/l	345	0	100,0%
Kvikasilfur	B	1,0 µg/l	345	0	100,0%
Leiðni	C	2500 µS cm <sup>-1</sup> við 20°C	245	0	100,0%
Litur <sup>3</sup>	C	Engin óeðlileg breyting	272		
Lykt	C	Engin óeðlileg breyting	0		
Mangan	C	50 µg/l	344	0	100,0%
Natríum	C	200 mg/l	345	0	100,0%
Nikkel	B	20 µg/l	345	1	99,7%
Nítrat	B	50 mg/l	315	0	100,0%
Nítrít	C	0,50 mg/l	326	0	100,0%
Oxunarrhæfni	C	5,0 mg/l O <sub>2</sub>	0		
Selen	B	10 µg/l	329	0	100,0%
Súlfat	C	250 mg/l	340	0	100,0%
Sýanið	B	50 µg/l	324	0	100,0%
Sýrustig	C	6,5 og 9,5 pH eining	233	7	97,0%
Tetraklóreten og triklóreten	B	10 µg/l	324	0	100,0%
Tríhalómetan <sup>2</sup>	C	100 µg/l	314	0	100,0%
Varnarefni	B	0,10 µg/l	12	0	100,0%
Varnarefni - heildarmagn	B	0,50 µg/l	12	0	100,0%
Víníklóríð <sup>4</sup>	B	0,50 µg/l	3	0	100,0%
<b>Heildarfjöldi fyrir alla þætti</b>			<b>10329</b>	<b>31</b>	<b>99,70%</b>

